

AUGLÝSING

um hámarkshraða á þjóðvegum.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á eftirtöldum þjóðvegum (stofnbrautum) skal vera 80 km á klst., þó 90 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi. Ákvæði þessi gilda þó ekki um vegarkafla sem teljast til þjóðvega í kaupstöðum eða kauptúnum samkvæmt V. kafla vegalaga, til vegarkafla í þéttbýli eða til vegarkafla sem öðruvísi er kveðið á um í 3. og 4. gr.

- 1 Suðurlandsvegur
- 1 Vesturlandsvegur
- 1 Norðurlandsvegur
- 1 Austurlandsvegur
- 30 Skeiða- og Hrunamannavegur frá Suðurlandsvegi að Flúðum
- 31 Skálholtsvegur
- 33 Gaulverjabæjarvegur frá Stokkseyri að Eyrarbakka
- 34 Eyrarbakkavegur frá Suðurlandsvegi að Eyrarbakka
- 35 Biskupstungnabraut frá Suðurlandsvegi að Skálholtsvegi
- 36 Þingvallavegur
- 37 Laugarvatnsvegur frá Biskupstungnabraut að Laugarvatni
- 38 Þorlákshafnarvegur
- 39 Þrengslavegur
- 41 Reykjanesbraut
- 43 Grindavíkurvegur
- 45 Garðskagavegur frá Víknavegi að Sandgerði
- 46 Víknavegur
- 51 Akranesvegur
- 54 Ólafsvíkurvegur
- 55 Heydalsvegur
- 56 Kerlingarskarðsvegur
- 57 Snæfellsnesvegur
- 58 Stykkishólmsvegur
- 574 Útnesvegur frá Hellissandi að Ólafsvík
- 60 Vestfjarðavegur
- 61 Djúpsvegur
- 62 Barðastrandarvegur
- 63 Bíldudalsvegur
- 64 Flateyrarvegur
- 65 Súgandafjarðarvegur frá Vestfjarðavegi að Suðureyri
- 68 Hólmavíkurvegur
- 617 Tálknafjarðarvegur frá Bíldudalsvegi að Tálknafirði
- 72 Hvammstangavegur
- 74 Skagastrandarvegur
- 75 Sauðárkróksbraut
- 76 Siglufjarðarvegur
- 82 Ólafsfjarðarvegur
- 85 Norðausturvegur
- 821 Eyjafjarðarbraut vestri frá Norðurlandsvegi að Miðbraut

823 Miðbraut

824 Eyjafjarðarbraut eystri frá Norðurlandsvegi að Miðbraut

845 Aðaldalsvegur

92 Norðfjarðarvegur

93 Seyðisfjarðarvegur

96 Suðurfjarðarvegur

99 Hafnarvegur

2. gr.

Hámarkshraði vörubifreiða sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd skal þrátt fyrir ákvæði 1. gr. aldrei vera meiri en 80 km á klst.

Hámarkshraði bifreiða sem draga tengi- eða festivagna skal þrátt fyrir ákvæði 1. gr. aldrei vera meiri en 70 km á klst.

3. gr.

Hámarkshraði ökutækja á eftirtöldum vegum og vegarköflum skal vera sem hér segir:

1 Suðurlandsvegur

- a) frá vegamótum við Tunguháls í Reykjavík að vegamótum við tengiveg við Selásbraut í Reykjavík að þeim meðtöldum 60 km/klst.
- b) frá vegamótum við tengiveg við Selásbraut að vegamótum við Arnarnesveg (411) að þeim meðtöldum 70 km/klst.
- c) frá vegamótum við Biskupstungnabraut (35) að þeim meðtöldum að mörkum þéttbýlis á Selfossi 70 km/klst.
- d) frá vegamótum við Þykkvabæjarveg (25) að þeim meðtöldum að mörkum þéttbýlis á Hellu 70 km/klst.

1 Vesturlandsvegur

- a) frá vegamótum við Höfðabakka í Reykjavík að vegamótum við Stuðlaháls í Reykjavík að þeim meðtöldum 70 km/klst.
- b) frá vegamótum við Langatanga í Mosfellssveit að þeim meðtöldum að stað 300 m norðan vegamóta við Ásland í Mosfellssveit 60 km/klst.

1 Norðurlandsvegur

- a) frá stað 300 m norðan Lónsárbrúar á Akureyri að vegamótum við Hlíðarbraut á Akureyri 70 km/klst.
- b) frá vegamótum við Aðalstræti á Akureyri að vegamótum við Eyjafjarðarbraut vestri (821) að þeim meðtöldum 70 km/klst.

1 Austurlandsvegur frá mörkum þéttbýlis sunnan Fellabæjar að mörkum þéttbýlis á Egilsstöðum 70 km/klst.

40 Hafnarfjarðarvegur 60 km/klst.

41 Reykjanesbraut

- a) frá Reykjavík að vegamótum við Hafnarfjarðarveg (40) 70 km/klst.
- b) frá vegamótum við Hafnarfjarðarveg að þeim meðtöldum að vegamótum við Hvammabraut í Hafnarfirði að þeim meðtöldum 60 km/klst.
- c) frá vegamótum við Hvammabraut að vegamótum við Páfubarð í Hafnarfirði að þeim meðtöldum 70 km/klst.
- d) frá vegamótum við Víknaveg (46) í Njarðvík að þeim meðtöldum að vegamótum við Grænásveg í Njarðvík að þeim meðtöldum 70 km/klst.

46 Víknavegur

- a) frá vegamótum við Reykjanesbraut (41) í Njarðvík að stað 200 m sunnan vegamóta við Grænásveg í Njarðvík 60 km/klst.
- b) frá mörkum þéttbýlis norðan Keflavíkur að vegamótum við Garðskagaveg (45) að þeim meðtöldum 70 km/klst.

61 Djúpvegur

- a) frá vegamótum við Flugvallarveg Ísafirði (631) að þeim meðtöldum að Hafrafellshálsi 70 km/klst.
- b) frá Hafrafellshálsi að vegamótum við Vallartún á Ísafirði 60 km/klst.
- c) frá mörkum þéttbýlis á Hnífsdalsvegi á Ísafirði (við grindarhlið) að mörkum þéttbýlis í Hnífsdal (við Leiti) 70 km/klst.
- d) frá mörkum þéttbýlis norðan Hnífsdals (við Heimabæjarvör) að mörkum þéttbýlis í Bolungarvík 70 km/klst.

76 Siglufjarðarvegur um Strákagöng 35 km/klst.

821 Eyjafjarðarbraut vestri frá vegamótum við Norðurlandsveg (1) að vegamótum við Flugvallarveg Akureyri (820) að þeim meðtöldum 70 km/klst.

4. gr.

92 Norðfjarðarvegur um Oddskarðsgöng 35 km/klst.

5. gr.

Hámarkshraði ökutækja á Þingvallavegi (36), Uxahryggjavegi (52) og Gjábackavegi (365) innan girðingar um þjóðgarðinn á Þingvöllum, svo og á öðrum vegum innan sömu girðingar, skal vera 50 km á klst.

6. gr.

Númer þjóðvegur í auglýsingu þessari er tilgreint samkvæmt vegáætlun.

7. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 50. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 272 21. maí 1986, svo og auglýsing um hámarkshraða ökutækja, nr. 164 10. september 1963.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. júní 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.